

A R Ð S K R Á

Fiskræktarfélagssins Hvítá fyrir tímabilið 1947—1951.

1. Einarsnes	75 hlutir
2. Bóndhóll	45 —
3. Lækjarkot	14 —
4. Ölvaldsstaðir	25 —
5. Ferjubakki II	40 —
6. Ferjubakki III	20 —
7. Ferjukot og Ferjubakki I	150 —
8. Sólheimatunga	10 —
9. Svignaskarð	10 —
10. Fróðhús	5 —
11. Gljúfurá	3 —
12. Litlu-Skógar	2 —
13. Stóru-Skógar	2 —
14. Tandrasel	2 —
15. Svarfhóll	15 —
16. Stafholt	26 —
17. Arnarholt	5 —
18. Haugar	2 —
19. Hlöðutún	2 —
20. Munaðarnes	10 —
21. Veiðifélag Norðurár	400 —
22. Hofstaðir	10 —
23. Hamraendar	60 —
24. Neðranes	2 —
25. Veiðifélag Þverár	300 —
26. Veiðifélag Reykdæla	24 —
27. Veiðifélag Flóku	10 —
28. Laugarhóll	70 —
29. Stafholtsey	3 —
30. Hvítárbakki	11 —
31. Þingnes	70 —
32. Fossatún	4.5 —
33. Hestur	20 —
34. Múlakot	5.5 —
35. Skálpastaðir	20 —
36. Mávahlíð	2 —
37. Gröf	20 —
38. Kistufell	1 —
39. Arnþórsholt	1 —
40. Kross	0.5 —
41. Skarð	18 —
42. Lundur	25 —
43. Snartarstaðir	3 —
44. Gullberastaðir	10 —
45. Oddsstaðir	1 —
46. Hóll	1 —

47. Brautartunga	1 hlutir
48. Tungufell	0.5 —
49. Brenna	1.5 —
50. Iðunnarstaðir	1.5 —
51. England	2 —
52. Reykir	2 —
53. Hvítárvellir I	85 —
54. Hvítárvellir II	56 —
55. Hvítárvellir III	4 —
56. Hvanneyri	73 —
57. Hannes Ólafsson vegna Stafholts	6 —
58. Hermann Jónasson vegna Grímsár	60 —
59. Stöngin vegna Grímsár	60 —
60. Kristján Guðjónsson vegna Ölvaldsstaða	2 —

Alls 1910 hlutir.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. nóvember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Höfðakaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Lína, sem hugsast dregin 300 m frá Höfðatá í réttvísandi vestur. Önnur lína frá vesturenda þessarar línu, því sem næst réttvísandi suður í Djúpnagg (fremsta djúpskerið) og þaðan til lands í Hrafnárós.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Höfðahrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.

Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumála-